

**Hagar hf.**

**Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar**

**1. mars til 30. nóvember 2018**

Hagar hf.  
Hagasmára 1  
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstremisýfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

## Kaup félagsins á Olíuverzlun Íslands ehf. og DGV ehf.

Þann 29. nóvember 2018 samþykkti Samkeppniseftirlitið samruna Haga hf., Olíuverzlunar Íslands ehf. (Olís) og DGV ehf. Kaupsamningar um viðskiptin voru undirritaðir 26. apríl 2017 með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki Samkeppniseftirlitsins og samþykki hluthafafundar Haga fyrir aukningu hlutafjár. Fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar var aflétt þann 13. júlí 2017 og hlutafjáraukning var samþykkt á aðalfundi Haga í júní 2017. Þann 11. september 2018 var undirrituð sátt við Samkeppniseftirlitið um skilyrði fyrir kaupunum en öll skilyrði sáttarinnar voru uppfyllt og kom samruninn því til framkvæmda í lok nóvember eins og áður segir. Í skýringu 14 í árshlutareikningnum má finna nánari upplýsingar um kaupin, kaupverð, kostnað vegna samrunans, skilyrði Samkeppniseftirlitsins, kaupverðsútdelingu o.fl.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Rekstrarreikningur Olís og DGV er ekki hluti af árshlutareikningi þessum en yfirtökudagur var 30. nóvember 2018. Áhrif samrunans á rekstur samstæðunnar munu því ekki koma fram fyrr en á fjórða ársfjórðungi. Efnahagsreikningur félaganna er hins vegar hluti af árshlutareikningnum. Samanburðarfjárhæðum hefur ekki verið breytt og innifela þær ekki áhrif af hinum nýju félögum.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.764 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 52.737 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 23.726 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 45%.

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.213 millj.kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

## Hluthafar

Hluthafar voru 843 í upphafi ársins en 726 í lok tímabilsins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins eru eftirfarandi:

	30.11.2018	28.2.2018
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) .....	13,52%	14,17%
Gildi - lífeyrissjóður .....	12,50%	12,95%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna .....	7,72%	6,86%
Birta lífeyrissjóður .....	5,36%	5,61%
Samherji hf. .....	5,14%	0,00%
FISK-Seafood ehf. .....	4,57%	0,00%
Stapi lífeyrissjóður .....	3,45%	5,04%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn .....	3,32%	3,44%
Global Macro Absolute Return Ab .....	3,28%	3,43%
Festa - lífeyrissjóður .....	3,22%	3,33%

## Breyting á stjórn félagsins

Þann 18. janúar 2019 var haldinn hluthafafundur í féluginu þar sem kosning stjórnar var á dagskrá. Eiríkur S. Jóhannsson og Katrín Olga Jóhannesdóttir koma ný inn í stjórn en Erna Gísladóttir, Davíð Harðarson og Stefán Árni Auðólfsson sitja áfram í stjórn félagsins. Á stjórnarfundi sem haldinn var í kjölfar hluthafafundarins var Erna Gísladóttir kjörin formaður stjórnar og Davíð Harðarson varaformaður stjórnar.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

---

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glöggja mynd af rekstrrafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2018 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggjt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 30. janúar 2019

Stjórn:

Erna Gísladóttir  
Eiríkur S. Jóhannesson  
Davíð Harðarson  
Katrín Olga Jóhannesdóttir  
Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars 2018 til 30. nóvember 2018

---

Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrí ársfjórðungar	
	2018 1.9.-30.11.	2017 1.9.-30.11.	2018 1.3.-30.11.	2017 1.3.-30.11.
Vörusala .....	18.521	16.915	56.255	54.084
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 14.124)	( 12.719)	( 42.703)	( 40.691)
<b>Framlegð .....</b>	<u>4.397</u>	<u>4.196</u>	<u>13.552</u>	<u>13.393</u>
Aðrar rekstrartekjur .....	55	141	161	244
Laun og launatengd gjöld .....	( 2.107)	( 2.014)	( 6.112)	( 6.012)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 1.428)	( 1.425)	( 4.255)	( 4.327)
Einskiptiskostnaður vegna samruna .....	14	( 183)	( 4)	( 236)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....</b>	<b>734</b>	<b>894</b>	<b>3.110</b>	<b>3.272</b>
Afskriftir .....	7	( 265)	( 366)	( 770)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>469</b>	<b>528</b>	<b>2.340</b>	<b>2.450</b>
Fjármunatekjur .....	12	26	33	119
Fjármagnsgjöld .....	( 56)	( 53)	( 153)	( 173)
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>	<b>8</b>	<b>( 44)</b>	<b>( 27)</b>	<b>( 120)</b>
<b>Áhrif hlutdeildarfélaga .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>20</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>425</b>	<b>501</b>	<b>2.220</b>	<b>2.416</b>
Tekjuskattur .....	( 97)	( 100)	( 456)	( 483)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>	<b>328</b>	<b>401</b>	<b>1.764</b>	<b>1.933</b>
<b>Hagnaður á hlut:</b>				
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	0,30	0,35	1,60	1,69

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. nóvember 2018

---

	Skýr.	30.11.2018	28.2.2018
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		20.113	10.733
Fjárfestingarfasteignir .....		2.556	1.530
Óefnislegar eignir .....		10.313	8.101
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		1.183	0
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		39	0
Skuldabréfaeign .....		75	0
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>34.279</b>	<b>20.364</b>
Eignir til sölu .....	14	660	0
Vöruborgðir .....	9	8.728	4.574
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		3.977	678
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur .....		4.320	3.546
Handbært fé .....		773	222
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>18.458</b>	<b>9.020</b>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>52.737</b>	<b>29.384</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		1.213	1.103
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		5.023	0
Lögbundinn varasjóður .....		303	239
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		3.661	3.664
Óráðstafað eigið fé .....		13.526	12.951
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>23.726</b>	<b>17.957</b>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	10	5.003	2.217
Tekjuskattsskuldbinding .....		2.134	718
	<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>7.137</b>	<b>2.935</b>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir .....	10	8.890	771
Tekjuskattur til greiðslu .....		793	379
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	11	11.862	6.897
Skuldbindingar .....		329	445
	<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>21.874</b>	<b>8.492</b>
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>29.011</b>	<b>11.427</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>52.737</b>	<b>29.384</b>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit

## 1. mars 2018 til 30. nóvember 2018

---

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Lög-bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>1. mars til 30. nóvember 2017</b>						
Eigið fé 1. mars 2017 .....	1.153	291	0	3.893	12.075	17.412
Heildarhagnaður tímabilsins .....					1.933	1.933
Endurkaup á eigin bréfum .....	( 26 )	( 291 )			( 618 )	( 935 )
Flutt af bundnum hlutdeildarreikning .....			( 812 )	( 812 )		0
Eigið fé 30. nóvember 2017 .....	<u>1.127</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.081</u>	<u>14.202</u>	<u>18.410</u>
<b>1. mars til 30. nóvember 2018</b>						
Eigið fé 1. mars 2018 .....	1.103	0	239	3.664	12.951	17.957
Heildarhagnaður tímabilsins .....					1.764	1.764
Tillag í varasjóð .....			64		( 64 )	0
Greiddur arður, 1,024 kr. á hlut .....					( 1.129 )	( 1.129 )
Hlutafjáraukning .....	42	1.901				1.943
Afhending á eigin bréfum v. samruna ....	69	3.122				3.191
Flutt af bundnum hlutdeildarreikning .....			( 3 )	( 3 )		0
Eigið fé 30. nóvember 2018 .....	<u>1.213</u>	<u>5.023</u>	<u>303</u>	<u>3.661</u>	<u>13.526</u>	<u>23.726</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit

## 1. mars 2018 til 30. nóvember 2018

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrír ársfjórðungar	
		2018 1.9.-30.11.	2017 1.9.-30.11.	2018 1.3.-30.11.	2017 1.3.-30.11.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Hagnaður tímabilsins .....		328	401	1.764	1.933
Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárfreymi:					
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....		62	( 85)	61	( 87)
Afskriftir .....	7	265	366	770	822
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	44	27	120	54
Áhrif hlutdeildarfélaga .....		0	0	0	( 20)
Tekjuskattur .....		97	100	456	483
Veltufé frá rekstri		796	809	3.171	3.185
Breytingar á rekstrartengdum eignum .....		( 809)	( 499)	( 1.843)	( 727)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum .....		749	77	872	( 257)
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		736	387	2.200	2.201
Innheimtar vaxtatekjur .....		12	26	32	109
Greidd vaxtagjöld .....		( 57)	( 54)	( 152)	( 170)
Greiddur tekjuskattur .....		62	( 202)	( 404)	( 687)
Handbært fé frá rekstri		753	157	1.676	1.453
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Kaup á dótturfélögum, að frádr. yfirteknu handb. fé .....	14	( 4.967)	0	( 4.967)	0
Fjárfesting í fasteignum .....		( 39)	( 7)	( 81)	( 82)
Fjárfesting í áhöldum og innréttigum .....		( 403)	( 1.249)	( 796)	( 2.014)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 6)	( 30)	37	( 155)
Söluverð áhalda og innréttiga .....		8	2	23	37
Söluverð eignarhluta .....		0	0	0	9
Framlag frá hlutdeildarfélagi .....		0	0	0	20
Fjárfestingarhreyfingar		( 5.407)	( 1.284)	( 5.784)	( 2.185)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Afborganir vaxtaberandi skulda .....		( 193)	( 192)	( 578)	( 575)
Greiddur arður .....		0	0	( 1.129)	0
Nýjar vaxtaberandi skuldir .....		5.282	0	5.282	0
Skuldir við lánastofnanir, breyting .....		( 16)	0	1.084	0
Keypt eigin bréf .....		0	( 637)	0	( 935)
Fjármögnunarhreyfingar		5.073	( 829)	4.659	( 1.510)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		419	( 1.956)	551	( 2.242)
Handbært fé í upphafi tímabils .....		354	2.188	222	2.474
Handbært fé í lok tímabils .....		773	232	773	232
<b>Fjárfestingar og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa</b>					
Fjárfesting í fasteignum .....		0	0	0	( 85)
Yfirteknar skuldir við kaup á félagi .....		0	0	0	85
Seld fasteign .....		0	85	0	85
Uppgerð skuld vegna sölu fasteignar .....		0	( 85)	0	( 85)
Kaup á dótturfélagi, greitt með hlutabréfum .....		( 5.134)	0	( 5.134)	0
Hlutafjárukning .....		1.943	0	1.943	0
Afhending á eigin bréfum v. samruna .....		3.191	0	3.191	0

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2018 til 30. nóvember 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### ***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2018.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 30. janúar 2019.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem lauk í febrúar 2018. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.hagar.is](http://www.hagar.is) sem og á vef Kauphallar Íslands, [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Í upphafi árs töku gildi tveir nýjar reikningsskilastaðlar: IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini.

IFRS 9 Fjármálagerningar tilgreinir hvernig flokkun, mat og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera hártað auk þess að setja nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil og setja fram nýtt líkan fyrir virðisýrnun fjáreigna. Í reikningsskilum samstæðunnar eru helstu fjármálagerningar viðskiptakröfur, sjóður og bankainnstæður og skuldir allar færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Nýi staðallinn hefur ekki áhrif á meðferð þessara fjármálagerninga hjá samstæðunni.

IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og byggir á þeiri grundvallarreglu að tekjur séu færðar þegar yfirráð yfir vöru eða þjónustu flyst til viðskiptavina. Hjá samstæðunni hafa tekjur verið færðar þegar viðskiptavinur hefur fengið vöru til umráða eða þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Nýr staðall breytir því ekki færslu tekna hjá samstæðunni.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar á tímabilinu er næð eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Í framhaldi af samruna Olís og DGV við samstæðu Haga mun samstæðan birta upplýsingar um starfspætti. Í skýringu 14 er að finna upplýsingar um bókfært verð eigna Olís og DGV þann 30.11.2018 en engin rekstraráhrif koma fram í árshlutareikningnum.

## 6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisýrnun viðskiptavilda þann 30. nóvember 2018 og vegna þess var virðisýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## Skýringar, frh.:

---

### 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2018 1.3.-30.11.	2017 1.3.-30.11.
Afskrift rekstrarfjármuna .....	714	774
Afskrift fjárfestingarfasteigna .....	29	25
Afskrift óefnislegra eigna .....	27	23
Afskriftir samtals .....	<u>770</u>	<u>822</u>

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum .....	34	119
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 154)	( 173)
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 120)	( 54)

### 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

Matvara .....	4.040	3.583
Sérvara .....	2.657	709
Eldsneyti .....	1.714	0
Vörur í flutningi .....	317	282
Vörubirgðir samtals .....	<u>8.728</u>	<u>4.574</u>

Niðurfærsla birgða í lok tímabils .....

53 70

### 10. Vaxtaberandi skuldir

Kaup Haga á Olís og DGV voru að hluta til fjármögnuð með óverðtryggðu skammtímaláni, á gjalddaga 20. nóvember 2019. Unnið er að endurfjármögnun samstæðunnar.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar 30.11.2018	Eftirstöðvar 28.2.2018
	30.11.2018	28.2.2018		
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	5,50%	5,45%	12.463	2.872
Skuldir í ISK, verðtryggðar .....	10,50%	10,50%	96	116
Lánalína .....	6,05%	-	1.334	0
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			13.893	2.988
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda .....			( 8.890)	( 771 )
Langtímaskuldir samtals .....			<u>5.003</u>	<u>2.217</u>

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs .....	8.890	771
Afborganir eftir 1 til 2 ár .....	470	2.168
Afborganir eftir 2 til 3 ár .....	210	49
Afborganir eftir 3 til 4 ár .....	196	0
Afborganir eftir 4 til 5 ár .....	4.127	0
Samtals .....	<u>13.893</u>	<u>2.988</u>

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir .....	10.043	5.232
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.819	1.665
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	11.862	6.897

### 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru sex. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

Staðsetning	Eignarhlutur	
	30.11.2018	28.2.2018
Hagar verslanir ehf. ....	Ísland	100%
Bananar ehf. ....	Ísland	100%
Ferskar kjötvörur ehf. ....	Ísland	100%
Noron ehf. ....	Ísland	100%
Olíuverzun Íslands ehf (Olís) ....	Ísland	100%
DGV ehf. ....	Ísland	100%

### 13. Kennitölur

*Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:*

Efnahagsreikningur:	30.11.2018	28.2.2018
Veltufjárhlfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,84	1,06
Eiginfjárhlfall - eigið fé/heildareignir .....	45,0%	61,1%
Innra virði hlutafjár .....	19,56	16,28

### 14. Kaup á dótturfélögum

Þann 29. nóvember 2018 heimilaði Samkeppniseftirlitið samruna Haga, Olís og DGV eftir að öllum fyrivörum, sem voru í kaupsamningi, hafði verið aflétt. Samruninn kom því til framkvæmda þann 30. nóvember 2018 eftir að eignarhlutir í Olís og DGV voru afhentir Högum og gengið hafði verið frá greiðslu söluandvirðis. Alls voru 5.396 millj. króna greiddar með reiðufé sem fjármagnaðar voru að mestu með skammtímaláni með gjalddaga 20. nóvember 2019 og auk þess voru afhentir 111 millj. hlutir í Högum. Skv. kaupsamningi skyldu afhentir hlutir reiknast á gengi 47,5 eða að andvirði 5.272 millj. króna. Þó ber að taka fram að skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðum reiknast virði hinna afhentu hluta í bókum félagsins m.v. gangvirði á afhendingardegi, sem var 46,25. Þann 30. nóvember 2018 juku Hagar hlutafé sitt um 41.831.651 að nafnvirði, til þess að uppfylla ákvæði kaupsamnings. Eftir hækkanina er hlutafé Haga 1.213.333.841 en var áður 1.171.502.190.

## Skýringar, frh.: ---

### 14. Kaup á dótturfélögum, frh.:

#### *Helstu skilyrði fyrir samrunanum eru eftirfarandi:*

1. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að bjóða sama verð á dagvöru á Olís stöðvum um land allt.
2. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja nýjum endurseljendum eldsneytis, sem eftir því leita, eldsneyti í heildsölu á viðskiptalegum grunni.
3. Aðgengi endurseljenda eldsneytis að birgðarármi hjá Olíudreifingu verður tryggt að því marki sem Olís er unnt sem annar eigandi félagsins.
4. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja rekstur og fasteign félagsins að Faxafeni 14 í Reykjavík, þar sem verslun Bónus er starfrækt.
5. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja rekstur og fasteignir Olís þjónustustöðvanna við Háaleitisbraut 12 og Vallargrund 3 í Reykjavík.
6. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja rekstur verslana Bónus að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík og Smiðjuvegi 2 í Kópavogi.
7. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja rekstur Olís verslunarinnar í Stykkishólmi.
8. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja rekstur og aðstöðu ÓB stöðva við Starengi 2, Kirkjustétt 2-5 og Knarrarvog 2 í Reykjavík.
9. Annar seljenda Olís, FISK-Seafood ehf., skuldbatt sig gagnvart Samkeppniseftirlitini til að selja að hluta þann eignarhlut í Höggum sem hann fékk afhentan skv. kaupsamningi. Hagar samþykktu samhliða að falla frá sölu- og framsalsbanni sem fram kom í kaupsamningi milli aðila frá 26. apríl 2017.

Þegar sátt Haga við Samkeppniseftirlitið var undirrituð þann 11. september 2018 höfðu kaupsamningar um allar eignir sem Höggum bar að selja skv. sáttinni verið undirritaðir. Samningur um eignir Haga var gerður við Ísborg ehf. og samningur um eignir Olís við Atlantsolíu. Söluandvirði eignanna er 660 millj. króna skv. kaupsamningum og verður það greitt við afhendingu eignanna, frá seinni hluta janúarmánaðar og fram í byrjun marsmánaðar 2019. Í heild er söluhagnaður af seldum eignum um 15 millj. króna, en þó eru nettó áhrif viðskiptanna á samstæðureikning Haga sölutap að upphæð 62 millj. króna. Söluhagnaður var af eignum Olís að fjárhæð 77 millj. króna, sem færður hefur verið í rekstrarreikning Olís þann 30. nóvember skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðum, en sölutap varð af dagvörueignum Haga að upphæð 62 millj. króna sem hefur verið gjaldfært á rekstur Haga á þriðja ársfjórðungi.

Eftir samrunann eru Olís og DGV orðin dótturfélög Haga og verða þau rekin sem sjálfstæðar rekstrarreiningar, líkt og aðrar einingar innan samstæðunnar. Fyrirtæki Haga hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu en hlutverk Haga er að veita fyrirtækjum sínum aðhald í rekstri og finna sameiginlega fleti sem leitt geta til hagræðingar í kostnaði og aukið tekjumöguleika fyrirtækjanna og um leið samkeppnisstyrk þeirra. Rekstrarreikningar Olís og DGV verða hluti af samstæðu Haga frá og með fjórða ársfjórðungi. Rekstrarári fyrirtækjanna tveggja hefur verið breytt til samræmis við rekstrarári Haga, þ.e. tímabilið frá 1. mars til febrúarloka ár hvert. Efnahagsreikningar Olís og DGV eru hluti af árshlutareikningi þessum.

## Skýringar, frh.: ---

### 14. Kaup á dótturfélögum, frh.:

#### ***Yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir***

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðum skal yfirtökufélag framkvæma kaupverðsútdelingu á yfirtökudegi með því að meta aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir yfirtekins félags til gangvirðis. Kaupverðsútdelingu er að mestu lokið, en þó með þeim fyrirvara að ef nýjar upplýsingar um stöðu eigna og / eða skulda á yfirtökudegi koma fram innan eins árs frá yfirtöku getur kaupverðsútdeling breyst.

Taflan hér að neðan sýnir gangvirði yfirtekina eigna og skulda Olís og DGV samkvæmt kaupverðsútdelingu.

Óefnislegar eignir .....	37
Rekstrarfjármunir .....	9.539
Fjárfestingarfasteignir .....	1.050
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	1.183
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	39
Skuldabréfaeign .....	75
Eignir til sölu .....	430
Vörubirgðir .....	2.890
Viðskiptakröfur .....	2.957
Aðrar skammtímakröfur .....	501
Handbært fé .....	428
Tekjuskattsskuldbinding .....	( 1.416)
Langtímaskuldir .....	( 5.114)
Viðskiptaskuldir .....	( 3.366)
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	( 275)
Aðrar skammtímaskuldir .....	( 665)
Gangvirði aðgreinanlegra yfirtekina eigna að frádegnum yfirteknum skuldum .....	8.293
Viðskiptavild .....	2.236
Kaupverð .....	<u>10.529</u>

#### ***Viðskiptavild***

Viðskiptavild er færð að því marki að kaupverð er umfram gangvirði aðgreinanlegra yfirtekina eigna að frádegnum aðgreinanlegum yfirteknum skuldum. Viðskiptavildin er ekki afskrifuð en er virðisprófuð árlega eða oftar ef vísbendingar eru um virðisrýrnun.

<b><i>Kostnaður vegna samruna</i></b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Sölutap dagvörueigna Haga .....	( 62 )	0
Sérfraðikostnaður og annar kostnaður .....	( 174 )	( 26 )
<b>samtals kostnaður vegna samruna</b>	<u>( 236 )</u>	<u>( 26 )</u>

Kostnaðurinn hefur allur verið gjaldfærður.